



Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

AFRIT

Kári Eiríksson arkitekt
Gunnarssundi 5
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 14.maí 2013
Tilvísun: 3394

Erindi: Deiliskipulagsbreyting fyrir Hverfisgötu 41 og 41a, Strandarhúsið, í Hafnarfirði.

Í bréfi 26.apríl 2013 leitar Kári Eiríksson arkitekt álits Minjastofnunar Íslands vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Hverfisgötu 41 og 41a í Hafnarfirði þar sem sótt er um að byggja við húsin skv. tillögu að deiliskipulagi dags. 07.01.2013.

Hverfisgata 41 og 41a eru byggð árið 1925 sk. fasteignaskrá. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skyldt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

Sótt er um að stækka húsið á baklöð þess í samræmi við ádur samþykkta tillögu frá 1989. Lagt er til að byggt verði herbergi á jarðhæð með þaksvöllum og þær aðgengilegar af aðalhæð hússins. Einnig verður bætt við kvistum á bakhlið þess og kvistir endurgerðir á framhlið hússins.

Þær breytingar sem sótt eru um munu ekki hafa áhrif á götumynd jafnframt því sem hönnuður hefur tekið fram að nýjar tillögur um stækkun hússins munu taka betur mið af húsinu en fyrri tillögur frá 1989.

Ekki er gerð athugasemd við erindið enda muni allur frágangur og útfærsla viðbygginga vera í samræmi við aldur og gerð hússins.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristín Huld Sigurðardóttir
Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Gunnþóra Guðmundsdóttir
Gunnþóra Guðmundsdóttir
arkitekt

Afrít:
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Byggðusafn Hafnarfjartar